

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/242*  
*komudagur 20.11.2003*

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Pétur H. Blöndal formaður.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd óska hér með eftir því að Lagastofnun Háskóla Íslands verði fengin til að gefa álit sitt á gildistökuákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt sem nefndin hefur nú til umfjöllunar.

Um er að ræða ákvæði sem kveður á um að vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004, en í 5 gr. d liðar frumvarpsins er kveðið á um lækkun á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5.5%. Hér er um að ræða íþyngjandi afturvirkni ákvæði í skattalögum, sem ætla má að stangist á við 2.mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar og/eða eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Óskað var eftir að ritari efnahags- og viðskiptanefndar Ágúst Geir Ágústsson setti saman stutt minnisblað um álitaefni varðandi afturvirkni ákvæðisins sem hjálagað fylgir.

Reykjavík 19. nóvember 2003



### Minnisblað

um ákvæði d-liðar 5. gr., sbr. 2. másl. 13. gr. frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt (88. mál). - Álitaefni varðandi afturvirkni ákvæðisins.

*Efni d-liðar 5. gr.*

Í d-lið 5. gr. er lögð til lækkun á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5,5%. Ákvæðið felur í sér skerðingu á vaxtabótum. Samkvæmt 13. gr. á ákvæðið að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003. Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 verða því reiknaðar á grundvelli hins nýja ákvæðis en ekki á grundvelli þeirra lagareglna sem voru í gildi þegar vaxtagjöldin féllu til. *Í þessum skilningi má segja að ákvæðið sé afturvirkt.*

*Álitaefni um afturvirkni.*

Tvennt kemur til greina við mat á því hvort ákvæðið standist stjórnarskrá.

Fyrst er að nefna það álitaefni hvort ákvæði laganna um tekjuskatt og eignarskatt að því er varðar vaxtagjöld og vaxtabætur teljist til skatta í merkingu 77. gr. stjórnarskrárinnar. Sé fallist á það verður að ætla að ákvæðið standist ekki ákvæði 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þessu sambandi má benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 499/2002 sem kveðin var upp 28. maí 2003. Í málinu var deilt um ákvæði laga er skerti afturvirkt skattaávilnun sem fólst í skattafslætti vegna hlutabréfakaupa. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að lagaákvæðið, að virtum þeim sjónarmiðum sem rakin eru í dóminum, fæli í sér afturvirkni sem bryti í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Ef ekki er fallist á ólögsmæti ákvæðisins með vísan til 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem ekki væri talið að um afturvirkt skattaákvæði sé að ræða, má spyrja hvort hið íþyngjandi afturvirka ákvæði standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu sambandi má vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 549/2002 sem kveðinn var upp 16. október 2003 - í svokölluðu öryrkjamáli. Í málinu komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að hinni umdeildu skerðingarreglu yrði ekki beitt afturvirkt þar sem bótaþegar ættu kröfuréttindi til bóta í samræmi við reglur sem í gildi voru á þeim tíma þegar réttur til bóta stofnaðist og að þessi kröfuréttindi nytu verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Líta má svo á að krafa til vaxtabóta stofnist þegar vaxtagjöldin falla til og að þessi kröfuréttindi njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og verði því ekki skert afturvirkt. Þessi niðurstaða er þó ekki vafalaus, hugsanlega er hægt að halda því fram að krafa stofnist ekki fyrr en við álagningu eða þegar skattskýrslu er skilað. Slíkar niðurstöður sýnast mér þó ólíklegri.

*Fyrirvarar*

Minnisblað þetta er sett saman í tímapressu og eru því fyrirvarar gerðir við allar þær niðurstöður sem í því má finna.

Ágúst Geir Ágústsson.